Áskorun á Steingrím J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra

Ýsuveiðiheimildir verði auknar

SKOÐUN



Örn Pálsson



Greinarhöfundur vill að ráðherrann bæti strax 10.000 tonnum við ýsukvótann.

MYND/ HEIÐAR MARTEINSSON.

Í viðtalsþættinum „Karlinum í brúnni" í Fiskifréttum á þessu fiskveiðiári er samhljómur í málflutningi viðmælenda þegar ýsu ber á góma - veiðin góð, mikið af ýsu. Í samtölum mínum við smábátaeigendur hefur sama sjónarmið ríkt. Mikið af ýsu og hún í afar góðu ástandi að mati þessara aðila. Þegar skiptimarkaður Fiskistofu var opnaður var greinilegt að marga vantaði ýsu. Boðið var í ýsuna upp á jöfn skipti á þorski. Aðspurðir hvers vegna svo hátt var boðið var svarið eitthvað á þessa leið: „Ég er stopp, öll ýsa hefur verið veidd og engin leið fyrir mig að veiða þorsk öðruvísi en ýsa veiðist líka."

Þegar ástandið er svona er það skylda hagsmunaaðila að skoða málið, athuga aflatölur, viðskipti með ýsu, sölutölur á mörkuðum, markaðsaðstæður á erlendum mörkuðum og fara yfir ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, svo eitthvað sé nefnt.

Skemmst er frá því að segja að niðurstaða mín var skýr, engar vísbendingar í aflabrögðum um að ýsustofninn væri að gefa eftir. Aflinn fyrstu fimm mánuði fiskveiðiársins var 7% meiri en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir flótta flestra undan ýsu, búið að veiða 53% af heimildum fiskveiðiársins á móti 42% áður.

Hvað segja skipstjórarnir?

Hvað hefur komið fram í viðtölunum við skipstjórana í þættinum „Karlinn í brúnni"?

29.9.2011. Arnar Laxdal Jóhannsson á Tryggva Eðvarðs SH: „Fiskiríið hefur verið ágætt. Við höfum fengið mikið 6 til 7 tonn í róðri, til helminga góður þorskur og blönduð góð ýsa."

8.12. 2011. Arnþór Hermannsson á Sæþóri EA: „Það virðist vera fiskur víða, bæði þorskur, ýsa og ufsi. Mun meira en undanfarin ár."

15.12.2011. Óskar Eyþórsson á Bíldsey SH: „Við fórum austur til að eltast við þorskinn. Ýsukvóti okkar er minni en verið hefur og við fengum of mikið af ýsunni á grunnslóð." „Gott ástand á þorski og ýsu". „Við höfum til dæmis ekki veitt minna af ýsu en undanfarin ár þegar við leggjum okkur eftir henni. Í september veiddum við til dæmis rúm 100 tonn og þar af voru um 80 tonn ýsa"

12.1. 2012. Sigurgeir Þórarinsson á Vilborgu ÍS: „Ýsa um allt" „Í dag er helmingur aflans til dæmis ýsa. Erfitt er að sneiða hjá henni því hún er nánast um allt."

26.1.2012. Baldur Freyr Kristinsson á Rifsara SH: „Erfitt með kvótaviðskipti." „Ýsan á eftir að flæða hér um allt og þá lendum við í sömu vandræðunum með hana"

Hátt verð er á fiskmörkuðum, erlendir markaðir kalla eftir meiri ýsu. Meðalverð á fiskmörkuðum þegar liðnir voru fimm mánuðir af fiskveiðiárinu var rúmum 10% hærra en á sama tíma í fyrra.

> Engar vísbendingar eru um það í aflabrögðum að ýsustofninn sé að gefa eftir.

Beðið um endurskoðun

Þegar hins vegar kom að því rýna í skýrslu Hafró frá því í júní sl. var niðurstaðan skýr. Hámarksafli á ýsu fiskveiðiárið 2011/2012 verði 37 þús. tonn. Ráðherra ákvað hins vegar að veidd yrðu 45 þús. tonn af ýsu.

Við skoðun á framansögðu var rökrétt framhald að óska eftir því við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að forsendur ráðgjafarinnar yrðu skoðaðar nánar.

Aflinn hafði aukist, þvert á það sem búast mátti við í skýrslu Hafró þar sem sagði að stofninn færi hratt minnkandi. Markaðir góðir - tilbúnir að taka við meira magni. Gríðarleg verðmæti fyrir þjóðarbúið og minni tilkostnaður við veiðar. Aflaverðmæti 10 þús. tonna af ýsu gæti numið 2,8 milljörðum sem er jafngildi um 80-90 þús. tonna af loðnu miðað við aflaverðmæti síðasta árs, svo dæmi sé tekið.

Eins og fram hefur komið varð ráðuneytið við beiðni LS og hefur Hafró svarað ráðuneytinu. Stofnunin telur ekki ástæðu til endurskoðunar á tillögunum um aflamark í ýsu fyrir fiskveiðiárið 2011/2012.

Vonbrigði

Það olli mér miklum vonbrigðum að ekki var hægt að merkja að stofnunin hefði kafað í forsendur ráðgjafarinnar. Ekki síst þegar um milljarða hagsmuni er að ræða. Ég fullyrði að mikil óvissa sé í forsendum ráðgjafarinnar og vert hefði verið að skoða málið afar vel t.d. með tilliti til aflabragða. Stofnmælingar fara fram lengst úti í hafi, en stofnar einstakra fjarða og flóa eru ekki mældir (Faxaflói, Breiðafjörður, Húnaflói). Einnig vek ég athygli á því sem fram kemur í lok kafla 2.2.5. „Ástand stofnsins og horfur", í skýrslu stofnunarinnar.

„Undanfarin ár hefur mat á vexti verið mesti óvissuþátturinn í stofnmati ýsu. Töluverð óvissa er um vöxt á næstu árum en einnig um fjöldatölur í árgöngum sem kemur meðal annars fram í rúmlega 20% mun á stofnmati byggðu á SMB (vorralli, innsk. greinarhöf.) borið saman við sambærilegt mat byggt á niðurstöðum SMH (þ.e. haustralls).".

Undirritaður skorar á Steingrím J. Sigfússon sjávarútvegs-, landbúnaðar-, efnahags- og viðskiptaráðherra að láta málið til sín taka og bæta nú þegar 10 þús. tonnum við veiðiheimildir í ýsu.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.